

K-saga

Forsaga

Eins og svo oft áður er vondi galdrakarlinn á ferli á nóttinni.

”Ahh, ég finn kökulykt. Hvaðan kemur hún? ... Hérna úr glugganum, já. Ha, ha, ég held ég fái mér smá kökubita, mér finnst kaka svo góð – sérstaklega þegar ég get stolið henni! He, he!”

En um leið og vondi galdrakarlinn teygði sig inn eftir kökunni stökk kötturinn Klói til og klóraði hann í hendina.

”Æææi – þetta var vont! Nú er ég sko í vondu skapi! Nú ætla ég að hefna mín! Hvernig get ég hefnt mín þannig að allir finni fyrir því? Já, ég ætla að taka alla ketti og læsa þá inni í kastalanum mínum.”

Galdrakarlinn sveiflaði töfrasprotanum sínum og hrópaði:

”AbraKadabra, simmsalabimm
Ég sendi ykkur alla í kastalann minn!”

En galdrakarlinn hafði ekki tekið eftir því að Klói hafði falið sig niðri í kistu, svo að galdurinn í töfrasprotanum náði ekki til hans.

”Nei annars, þetta er alls ekki nóg! Ég er ennþá reiður! Já, nú veit ég – ég ætla að taka öll dýr sem byrja á K og læsa þau inni líka: Krókódílar og kanínur, kindur, köngulær og krabbar, kengúrur og kolkrabbar, kýr og krummar!”

”AbraKadabra, simmsalabimm,
ég sendi ykkur öll í kastalann minn!”

Og svo flaug hann heim til sín og var rosalega ánægður með hvað hann hafði verið vondur.

Aðalsaga

Morguninn eftir að vondi galdrakarlinn hafði stolið öllum þessum dýrum og læst þau inni, vaknaði _____ mjög snemma við að Klói var að sleikja á henni tærnar þannig að hana kitlaði.

“Komdu fljótt, þú verður að hjálpa mér!”, sagði Klói um leið og hún vaknaði. “Vondi galdrakarlinn er búinn að taka öll dýr sem byrja á K. Ég var eina dýrið sem slapp. Þú verður að koma með mér til galdrakarlsins og bjarga dýrunum!”

_____ var fljót að samþykkja þetta. Þau lögðu strax af stað til kastala galdrakarlsins. Þau flýttu sér svo mikið að þau gleymdu alveg að borða morgunmat.

Þegar _____ og Klói voru búin að ganga í marga klukkutíma voru þau orðin nokkuð svöng. Vegna þess að hún hugsaði svo mikið um mat, fór _____ að söngla fyrir munni sér smá vísu:

Ég vil fá **kö-ku**, ég vil fá **klei-nur**
Ég vil **ka-nel-snúð** og líka **kex**.
Ég vil fá **kar-töf-lur**, ég vil fá **kjöt-bol-lur**
og líka **ka-ra-mel-lur** sex!

hún klappaði í takt við orðin um leið og hún söng. (*Eigum við að syngja og klappa með henni?*)

Allt í einu heyrði hún að einhver var að kalla:

“Hjálp, hjálp!” Fyrst gat _____ ekki heyrt hvaða köllin komu, en svo sá hún að þau komu úr djúpri klettasprungu nálægt veginum. “Halló!” kallaði hún niður í sprunguna. “Hvað er að?”

“Ég sit föst í sprungunni og get ekki klifrað upp!” var kallað til baka.

“Hver ert þú?” spurði _____ svolítið tortryggin, því að henni datt í hug að þetta gæti verið hættulegt tröll eða skrímsli. “Ég er bara gömul kona sem villtist af veginum í myrkrinu,” heyrðist úr sprungunni. “Æ, viltu ekki hjálpa mér?”

_____ svipaðist um og sá kaðalspotta skammt frá. hún tók kaðalinn og lét hann síga niður í sprunguna. Svo gat hún dregið aumingja gömlu konuna upp. Það var sko ekki auðvelt skal ég segja ykkur, en það tókst að lokum.

“Þakka þér kærlega fyrir,” sagði gamla konan við hana á eftir. “Þarna hefurðu líklega bjargað lífi mínu og því vil ég gefa þér þetta að launum”. Og hún rétti _____ lítinn flauelspoka. “Þetta er galdrapoki. Sá sem á pokann getur tekið úr honum hvað sem hann þarf mest á að halda. Gangi þér vel og góða ferð.”

_____ þakkaði fyrir sig og hélt ferð sinni áfram. Nokkru síðar var hún komin að kastala galdrakarlsins og bankaði að dyrum.

“Hvað vilt þú?” sagði vondi galdrakarlinn fýlulega um leið og hann opnaði dyrnar.

“Ég vil fá þig til að sleppa öllum dýrunum sem þú tókst í nótt,” sagði _____.

“Ha, ha! Svo þú komst að því að það var ég sem tók dýrin! Allt í lagi, en þá verðurðu að leysa þraut fyrir mig. Ef þú leysir hana sleppi ég dýrunum, en ef ekki læsi ég þig inn með þeim!”

_____ gat ekki annað en fallist á þessi skilyrði. “Hvað þarf ég að gera?” spurði hún.

“Ég vil fá 10 hluti sem byrja á K,” sagði galdrakarlinn. “Þá færðu lykil að herbergjunum sem dýrin eru í. En dýrin komast ekki út nema þú klappir líka nöfnin þeirra um leið og þú ert búin að opna.”

_____ brosti, því að hún var einmitt nýbúin að æfa sig í að klappa matarvísunna sína – og þar að auki vissi hún, að hún gæti fundið einmitt þá hluti sem hún þyrfti í galdrapokanum.

(Barnið tekur einn hlut í einu upp úr pokanum og leggur á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðari).

Þegar _____ opnaði dyrnar, sá hún að inni í herberginu voru ...

(Barnið opnar einar dyr í einu með lyklinum, snýr spjaldinu við til að sjá hvaða dýr er um að ræða, og klappar nafn þess).

“Aargh!” æpti galdrakarlinn og skellti hurðinni á kastalanum aftur. Og _____ gat loksins farið heim í kvöldmat. *Og hvað haldið þið að hún hafi fengið í kvöldmatinn?*

Hún fékk **kö-ku**, hún fékk **klei-nur**

Hún fékk **ka-nel-snúð** og líka **kex**.

Hún fékk **kar-töf-lur**, hún fékk **kjöt-bol-lur** og líka **ka-ra-mel-lur** sex!